

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
vt. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2019

Efni: Ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdarstjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins

Bankasýsla ríkisins barst bréf frá fjármála- og efnahagsráðherra („ráðherra“), dags. 12. febrúar 2019, varðandi ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdarstjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins, sem féllu þann 1. júlí 2017 undan ákvörðunarvaldi kjararáðs með lögum nr. 130/2016.

Í bréfinu var óskað eftir upplýsingum frá Bankasýslu ríkisins vegna tveggja atriða:

- Hvernig brást stofnunin við bréfi ráðherra þann 6. janúar 2017.
- Upplýsingum um hvort og með hvaða hætti starfskjarastefna Íslandsbanka hf. („Íslandsbanki“) tók breytingum þegar eignarhald bankans færðist til ríkisins árið 2016.

Í bréfinu var einnig óskað eftir upplýsingum frá Íslandsbanka og Landsbankanum hf. („Landsbankanum“) vegna fjögurra atriða:

- Í hvaða mæli voru tilmæli ráðherra í bréfi hans dags. 6. janúar 2017 höfð til hliðsjónar við ákvörðun launa framkvæmdastjóra.
- Ef stjórnir fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins hafa ákvarðað launahækkanir umfram almenna launaþróun var óskað eftir rökum fyrir þeim ákvörðunum með tilvísun til eigandastefnu ríkisins.
- Óskað var eftir því að bréf ráðherra dags. 12. febrúar 2019 yrði sent stjórnnum dótturfélaga, þar sem laun framkvæmdastjóra féllu áður undir kjararáð og þær beðnar um að upplýsa fjármála- og efnahagsráðuneytið um sömu atriði.
- Óskað var eftir upplýsingum um hvernig ákvarðanir um laun bankastjóra Íslandsbanka tóku mið af úrskurði kjararáðs nr. 2017.4.003.

Upplýsingar frá Bankasýslu ríkisins

Viðbrögð Bankasýslu ríkisins við bréfi ráðherra dags. 6. janúar 2017

Í áður nefndu bréfi ráðherra frá 12. febrúar sl. var óskað eftir því að Bankasýsla ríkisins upplýsi fjármála- og efnahagsráðuneytið um það hvernig brugðist var við bréfi ráðherra, sem sent var til stofnunarinnar með bréfi ráðuneytis, dags. 6. janúar 2017, sem síðar var ítrekað með tölvupósti þann 30. júní sama ár.

Í framangreindu bréfi frá 6. janúar 2017 kom fram að það væri sent stjórnnum félaga í meirihlutaeigu ríkisins en væri einnig sent stjórn Bankasýslu ríkisins í upplýsingaskyni.

Bankasýsla ríkisins brást við framangreindu bréfi ráðherra frá 6. janúar 2017 með því að senda sérstök bréf til bankaráðs Landsbankans og stjórnar Íslandsbanka, dags. 23. janúar 2017, þar sem með fylgdi afrit af áður nefndu bréfi ráðherra. Voru bréf stofnunarinnar send m.a. í ljósi þess að ákvörðunarvald á launum bankastjóranna væri að fara frá kjararáði yfir til stjórna bankanna. Þá taldi stofnunin rétt að senda fyrrgreint bréf ráðherra frá 6. janúar 2017 meðfylgjandi þeim, þar sem ábendingar í því voru í fullu samræmi við skyldur Bankasýslu ríkisins um að „[fara] með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnarsýslu- og viðskiptahætti og eigandastefnu ríkisins á hverjum tíma“, sbr. ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Tók stofnunin þannig sjálfstæða ákvörðun um að beina ábendingum ráðherra til stjórna fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins, annarra en fjármálafyrirtækja, til bankaráðs Landsbankans og stjórnar Íslandsbanka með framangreindum bréfum.

Í bréfunum var tekið fram að ný lög um kjararáð nr. 130/2016 höfðu verið samþykkt þann 22. desember 2016 og að þau myndu taka gildi þann 1. júlí 2017. Skýrt var frá því að með þessum lögum væri ákvörðunarvald um laun og starfskjör bankastjóra fært aftur í hendur stjórnar viðkomandi banka. Bankasýsla ríkisins benti á að í þágildandi eigandastefnu ríkisins frá árinu 2009 fyrir fjármálafyrirtæki væri kveðið á um að stefnan „gildi gagnvart aðilum sem fara með eignarhald ríkisins í fjármálafyrirtækjum og einnig þeim sem setjast í stjórnir fyrir hönd ríkisins“. Jafnframt kom fram að „[o]pinber fjármálafyrirtæki skulu tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum. Með þessu er átt við að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa á, en séu ekki leiðandi.“ Í þessu sambandi var einnig bent á að í gildandi starfskjarastefnu Landsbankans segði að bankinn legði áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna væru samkeppnishæf en þó ekki leiðandi og að við ákvörðun um starfskjör skyldi horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Í tilviki Íslandsbanka var bent á að í starfskjarastefnu hans kom fram að föst laun og aðrar greiðslur til bankastjóra skyldu vera samkeppnishæf á þeim markaði sem bankinn starfaði á og m.a. taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans, en ekki leiðandi.

Jafnframt kom fram að stofnunin hefði fengið áðunefnt bréf frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 6. janúar 2017, sem stofnunin vakti sérstaka athygli á. Í bréfi stofnunarinnar var orðrétt bent á að í bréfi ráðuneytis: „...kemur m.a. fram að launastefna félags í meirihlutaeigu ríkisins skuli ekki vera leiðandi, eins og áréttað er í eigandastefnu fyrir fjármálafyrirtæki. Einnig er bent á mikilvægi þess að stjórnir hafi í huga áhrif launaákvæðana á stöðugleika á vinnumarkaði og ábyrgð félaganna í því sambandi. Æskilegt sé að launaákvæðanir séu varkárar, forðast miklar launabreytingar á stuttu tímabili en þess í stað hækka laun með reglubundnum hætti til samræmis við almenna launþróun.“

Um sama leyti og ráðherra áréttaði bréf sitt frá 6. janúar 2017 með tölvubréfi 30. júní sama ár, birtist ný eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, þar sem m.a. eru endurteknar áherslur varðandi laun og starfskjarastefnu. Með bréfi Bankasýslu ríkisins til beggja bankanna, dags. 10. júlí 2017, var óskað eftir því að ný eigandastefna yrði kynnt með ítarlegum hætti fyrir allri stjórn bankans ásamt lykilstjórnendum hans.

Síðan sendi Bankasýsla ríkisins bréf til Íslandsbanka, dags. 2. október 2017, vegna sérstöðu þess fyrirkomulags sem hafði verið um launakjör bankastjórans. Í bréfinu var m.a. farið yfir að með ákvörðun kjararáðs þann 31. janúar 2017, um launakjör bankastjórans, hefði uppsagnarákvæði í

ráðningarsamningi hans virkjast og þar með 12 mánaða uppsagnarfrestur. Hins vegar í ljósi nýrra laga nr. 130/2016, þar sem ákvörðunarvald um launakjör var fært aftur til stjórnar bankans frá og með 1. júlí 2017, var ljóst að framangreind ákvörðun ráðsins myndi ekki koma til framkvæmda. Í bréfinu kom fram að mikilvægt væri við endurskoðun á ráðningarsamningi bankastjóra að stjórn bankans hefði í huga starfskjarastefnu, viðmið í eigandastefnu og tilmæli sem fram komu í bréfi ráðherra frá 6. janúar 2017 sem sneru að því að starfskjör stjórnenda bankans skyldu vera samkeppnishæf, en ekki leiðandi, og taka mið að af almennri þróun launakjara á markaði.

Breytingar á starfskjarastefnu Íslandsbanka í kjölfar yfirtöku ríkisins

Í erindi ráðherra frá 12. febrúar sl. er einnig óskað eftir því að Bankasýsla ríkisins upplýsi hvort og með hvaða hætti starfskjarastefna Íslandsbanka tók breytingum eftir að ríkið eignaðist bankann að fullu á fyrsta ársfjórðungi ársins 2016.

Breytingar voru gerðar á starfskjarastefnu bankans á aðalfundi hans þann 19. apríl árið 2016. Um þrjár meginbreytingar var að ræða. Í fyrsta lagi var sérstaklega tekið fram að starfskjör bankans, þ. á m. starfskjör bankastjórans, skyldu ekki vera leiðandi, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr. stefnunnar. Í öðru lagi var sérstakt ákvæði sem sagði að ef kjararáð myndi taka ákvörðun um laun og starfskjör bankastjóra, skyldi stjórn gæta þess að samningur um ráðningarkjör bankastjóra væri í samræmi við úrskurð ráðsins.¹ Þetta ákvæði var aftur á móti tekið út úr starfskjarastefnu á aðalfundi bankans í mars 2017, þegar fyrir lá að bankastjóri bankans myndi ekki lengur falla undir úrskurðarvald kjararáðs vegna laga nr. 130/2016 sem samþykkt voru þann 22. desember 2016 en tóku gildi 1. júlí 2017. Í þriðja lagi var tekið skýrt fram að stjórn bankans skyldi ekki gera eða heimila samninga um árangurstengdar greiðslur sem gilda um rekstur bankans eftir 31. desember 2016, nema að fengnu samþykki hluthafa bankans og þá á þeim skilmálum sem hluthafar samþykkja á hluthafafundi. Ástæðan fyrir framangreindri dagsetningu var sú að aðalfundur bankans árið 2015 hafði samþykkt sérstakt kaupaukakerfi sem stjórn hafði samþykkt. Var talið nauðsynlegt að orða starfskjarastefnu með þessum hætti þannig að stjórn gæti virt samninga sem gerðir voru áður en íslenska ríkið eignaðist bankann að fullu, en með framangreindri breytingu var kaupaukakerfi bankans afnumið.

Með breytingunum urðu ákvæði starfskjarastefnu Íslandsbanka og Landsbankans því sem næst samhljóma og í samræmi við eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki.

Upplýsingar frá Íslandsbanka og Landsbankanum

Áður en bréf ráðherra barst Bankasýslu ríkisins þann 12. febrúar sl. hafði stofnunin þegar sent upplýsingabeiðni til Landsbankans og Íslandsbanka um launaákvæðanir bankastjóra, en í kjölfar birtingar ársreiknings Landsbankans fyrir árið 2018 þann 7. febrúar sl. vöknudu spurningar um hvort að farið hefði verið eftir ábendingum stofnunarinnar sem fram komu í bréfi til Landsbankans 23. janúar 2017. Þrátt fyrir að ársreikningur Íslandsbanka hafi ekki verið birtur þá, þótti stofnuninni einnig tilefni til að senda sams konar fyrirspurn til þess banka.

Því til viðbótar var afrit af bréfi ráðherra frá 12. febrúar sl. sent til bankaráðs Landsbankans og stjórnar Íslandsbanka með þeirri ósk að við svör og afhendingu greinargerðar til Bankasýslu ríkisins yrði erindi

¹ Hér má geta þess að kjararáði var tilkynnt um yfirtöku íslenska ríkisins á Íslandsbanka með bréfi, dags. 24. júní 2016, en ákvörðun kjararáðs um laun og önnur starfskjör bankastjóra var hins vegar ekki birt fyrr en 31. janúar 2017.

ráðherra haft yrði hliðsjónar. Í tilviki Landsbankans var sérstaklega óskað eftir að bankaráðið óskaði eftir sambærilegum upplýsingum frá stjórnnum dótturfélaga sinna eins og við ætti, sbr. ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 sem voru leyst af hólmi með lögum nr. 130/2016. Í tilviki Íslandsbanka var sérstaklega óskað eftir því að stjórn bankans gerði grein fyrir því hvernig laun bankastjórans hefðu tekið mið af úrskurði kjararáðs nr. 2007.4.003 sem og óskað eftir því að stjórn Íslandsbanka myndi óska eftir sambærilegum upplýsingum frá stjórnnum dótturfélaga sinna, þ.e. Borgun hf. og Íslandssjóða hf., sbr. úrskurði kjararáðs nr. 2017.4.010 og nr. 2017.4.015.


Eru öll þessi bréf á milli stofnunarinnar og bankanna meðfylgjandi. Tæpir tveir sólarhringar eru liðnir frá því að stofnuninni bárust svör frá Íslandsbanka og Landsbankanum við erindi stofnunarinnar frá 12. febrúar sl. og erindi ráðherra til stofnunarinnar þann sama dag. Hefur því ekki unnist tími til að bregðast við því sem fram kemur í bréfum bankanna.

Bankasýsla ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, sbr. ákvæði c.-liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Af þeim sökum telur stofnunin rétt að útbúa skýrslu til ráðherra, m.a. með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram koma í svarbréfum bankanna, upplýsingabeiðni ráðherra frá 12. febrúar sl., tilmælum ráðherra frá 6. janúar 2017 og ákvæðum eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Vonast stofnunin til að geta skilað slíkri skýrslu innan tveggja vikna.

Virðingarfyllst,



Lárus L. Blöndal
Formaður stjórnar



Jón G. Jónsson
Forstjóri

Meðfylgjandi:

Bréf Bankasýslu ríkisins til Landsbankans, dags. 23. janúar 2017
Bréf Bankasýslu ríkisins til Íslandsbanka, dags. 23. janúar 2017
Bréf Bankasýslu ríkisins til Landsbankans, dags. 10. júlí 2017
Bréf Bankasýslu ríkisins til Íslandsbanka, dags. 10. júlí 2017
Bréf Bankasýslu ríkisins til Íslandsbanka, dags. 2. október 2017
Bréf Bankasýslu ríkisins til Landsbankans, dags. 12. febrúar 2019
Bréf Bankasýslu ríkisins til Íslandsbanka, dags. 12. febrúar 2019
Bréf Bankasýslu ríkisins til Landsbankans dags. 15. febrúar 2019
Bréf Bankasýslu ríkisins til Íslandsbanka, dags. 15. febrúar 2019
Bréf Landsbankans til Bankasýslu ríkisins, dags. 19. febrúar 2019
Bréf Íslandsbanka til Bankasýslu ríkisins, dags. 19. febrúar 2019